



KÆRS

HVALUR

Viltu
koma að
leika?

Höfundar:

Axel Sturla Grétarsson

Konráð Ingi Finnbogasson

Sunna Hlín Borgþórsdóttir




Einu sinni var lítill steypireiður, sá hét Kári.

Lítill og fljótur, fagur sem fjögurra blaða
smári.

Foreldrar hans elska hann heitt, Kári er þeim
heimurinn.

Í firði þeirra synda þau gleitt, í hafinu finnst
friðurinn.



Kári á þó vaxandi vandamál, já eitt sem hann á
við að stríða.

„Hinir hvalirnir vilja ekki leika við mig, segja
mér að reka á land og skríða“.

Pabbi segir honum að ekki á þá hlusta,
öfundsjúkir honum hver hvalur væri.

Mamma tekur undir: „Nú skaltu burstu, það er
kominn nótt Kári minn kæri“.




Kári tekur tannbursta og burstar tennur, byrjað
er að sjást í fyrstu framtennur.

„Mamma! Pabbi! Tennur! segir Kári meðan kjaftinn
hans hann glennur.

„Mikið er það nú gott elsku kálfur, bráðum
veiðir þú fiska með föður“

Kári tyllir sér upp í rúm sybbinn sjálfur,
hugsunin breytist í löður.




Næsta dag var Kári að leika við sig sjálfan,
en allt í einu kom hann auga á eitthvað já.

Stór svartur blettur skyggir himinn hálfan,
Kári heyrir hljóð og syndir að honum þá.

Þetta er ekki blettur heldur járnhvalur, vá.
Stærri en tveir pabbar, já.

„Halló herra hvalur, ég er með spurningu ef
ég má. Viltu koma að leika? Mér leiðist smá“.

Járnhvalurinn höktar til og frá þar til
skrítíð hljóð barst með hávaða „Já litli
hvalur, komum í eltingaleik þá.



Loksins á Kári nú leikfélaga! Mikið verður
það nú gaman!

Þeir leika þeir sér með braga, af hverju
léku þeir ekki oftár saman?

Eftir smá tíma segir Kári: „Ég verð að
hætta að leika, það er víst orðið áliðið“.

Með hökti segir járnhvalurinn stóri: „Allt
í fína-- vinur“ og syndir í djúpið.


Kári spriklar heim í heimafjörðinn, mikið
hafði hann gott að fara í gamanleikinn.


„Hvar hefurðu verið Kári minn“ segir mamma.
„Ég hitti nýjan vin, fórum í eltingaleikinn“.

„Fannstu nýjan vin Kári? Mikið er það nú gott,
gæðaskinn“.

„Það var samt skrítlið, já ótrúlegt en satt,
hvalurinn var úr járni en sá synti hratt!“.

Mamma og pabbi litu á hvort annað með áhyggju
svip, á meðan hvalur í hjörðinni hrópar:
„SKIP!“.






Skutullar og spjót hreyfla um vatnið og hjörðin
ónei.

Taka burtu mömmu og pabba, blóðið fer á þey.

Hvalur hver einasti fer upp á bát.

Síðan verður stundin hljóðlát.



„Hvað hef ég gert? Hvar er mamma og pabbi? Hvar finn ég þau nú?“.

Kári siglir upp og finnur þau hangandi á stjórnborða líflaus, þau eru dauð, jú.



Foreldrar hans nýttir í lampa og
alls kyns ket. Kári fylgdist með, já
hann grét.

Skipið sigldi í burtu, vatnið
eftirlét. Hvalur hf. það hét.



-Á hverju ári deyja hundruði hvala á Íslandi vegna hvalveiða. Aðal sökudólgurinn er Hvalur hf. Ef ekkert verður gert í þessu heldur úthelling blóðs áfram. Hættum að veiða hvali strax.